



Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Lánshæfi einstaklinga

Geta einstaklingar á Íslandi nýtt sér góða lánshæfiseinkunn sér til hagsbóta ?

Jónas Halldór Haraldz

Leiðbeinandi: Guðrún Johnsen, lektor
Júní 2015



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Lánshæfi einstaklinga

Geta einstaklingar á Íslandi nýtt sér góða lánshæfiseinkunn sér til hagsbóta ?

Jónas Halldór Haralz

Lokaverkefni til BS-prófs í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Guðrún Johnsen, lektor

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2015

Lánshæfi einstaklinga.

Ritgerð þessi er 6 eininga lokaverkefni til BS-prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

© 2015 Jónas Halldór Haralz

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Svansprent

Kópavogur, 2015

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt í BS námi við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands með áherslu á fjármál. Vægi ritgerðarinnar er 6 ECTS einingar. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er lánshæfi einstaklinga og hvort einstaklingar á Íslandi geti nýtt sér góða lánshæfiseinkunn sér til hagsbóta. Þetta er viðfangsefni sem mér þótti mjög áhugavert og spennandi að skrifa um. Leiðbeinandi minn við skrif ritgerðarinnar var Guðrún Johnsen og vil ég þakka henni kærlega fyrir góða leiðsögn og gagnlegar ábendingar við úrvinnslu verkefnisins.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldunni minni og kærustu fyrir allan þann stuðning og hvatningu sem þau veittu mér meðan á ritgerðarsmíðinni stóð. Sérstaklega vil ég þakka móður minni og föður fyrir yfirlestur ritgerðarinnar og góðar athugasemdir.

Útdráttur

Meginviðfangsefni þessarar ritgerðar er láns hæfi einstaklinga og þau kjör sem einstaklingar með góða láns hæfiseinkunn geta fengið á Íslandi samanborið við valin erlend lönd. Notast er við láns hæfismöt til að reikna láns hæfi einstaklinga, en í láns hæfismati kemur fram láns hæfiseinkunn einstaklings sem verið er að skoða. Þær breytur sem tekið er tillit til í láns hæfismati eru fengnar úr lánayfirliti einstaklinga, en þar koma fram upplýsingar sem hafa áhrif á láns hæfi einstaklinga.

Láns hæfiseinkunn einstaklings segir til um líkurnar á því að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Við mat á láns hæfi einstaklinga er aðallega notast við tvær gerðir láns hæfismata. Annars vegar eru það almenn láns hæfismöt, sem taka tillit til lánayfirlits einstaklinga og hins vegar sérsniðin láns hæfismöt, sem leggja áherslu á viðskiptasögu lánveitanda við lántakandann. Til að gera betur grein fyrir þeim breytum sem tekið er tillit til í láns hæfismati var skoðað aðferðafræði láns hæfiseinkunnar FICO og láns hæfiseinkunnar Creditinfo. Aðferðafræði þessara einkunna sýndi fram á að þær breytur sem hafa mest áhrif á láns hæfi einstaklinga eru gjaldprot, vanskil, innheimtuaðgerðir og skuldir.

Skoðuð var notkun láns hæfiseinkunnar og þau kjör sem einstaklingar geta fengið á Íslandi miðað við Danmörku, Bretland og Bandaríkin og kom í ljós að talsverður munur er á notkun hennar hér á landi miðað við erlendis. Meðal annars er ekki tekið tillit til láns hæfiseinkunnar hjá tryggingarfélagum og atvinnurekendum á Íslandi en það er hins vegar gert erlendis. Jafnframt benda niðurstöður til þess að hér á landi hafi góð láns hæfiseinkunn ein og sér lítil sem engin áhrif í ákvörðunum fjármálafyrirtækja varðandi kjör á lánum og önnur fríðindi, sem einstaklingar geta fengið. Það verður til þess að minni hvati myndast fyrir einstaklinga á Íslandi til að standa skil á skuldbindingum sínum. Mælt er með því að fjármálafyrirtæki, tryggingarfélag og aðrir aðilar á íslenska markaðnum kynni sér alla þá möguleika sem láns hæfiseinkunnir hafa upp á að bjóða, bæði hvað varðar notkun einkunnarinnar á erlendum mörkuðum og þau kjör sem einstaklingar með góða láns hæfiseinkunn geta fengið.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	8
2	Lánshæfi einstaklinga	10
2.1	Lánshæfismat	10
2.1.1	Almenn eða sérsniðin lánshæfismöt.....	11
2.1.2	Breytur sem tekið er tillit til í lánshæfismati.....	12
2.1.3	Breytur sem ekki er tekið tillit til í lánshæfismati	12
2.1.4	Kostir og gallar við lánshæfismöt.....	13
2.2	Lánshæfiseinkunn.....	14
3	Lánayfirlit einstaklinga.....	16
3.1	Samsetning lánayfirlits	17
4	Lánshæfiseinkunn FICO og Creditinfo	19
4.1	Lánshæfismat FICO.....	19
4.1.1	Einkunnaskali FICO einkunnarinnar	20
4.1.2	Aðferðafræði FICO einkunnarinnar	21
4.2	Lánshæfiseinkunn Creditinfo	23
4.2.1	Einkunnaskali lánshæfiseinkunnar Creditinfo.....	24
4.2.2	Aðferðafræði einkunnarinnar	25
5	Áhrif lánshæfismats á líf neytenda	28
5.1	Notkun lánshæfiseinkunnar erlendis	29
5.1.1	Notkun í Danmörku.....	29
5.1.2	Notkun í Bretlandi	29
5.1.3	Notkun í Bandaríkjunum	30
5.1.4	Áhrif lánshæfiseinkunnar á einstaklinga erlendis.....	30
5.2	Notkun lánshæfiseinkunnar á Íslandi	31
5.2.1	Áhrif lánshæfiseinkunnar á einstaklinga á Íslandi.....	32

5.3 Samanburður.....	33
5.3.1 Samanburður á kjörum milli landa	34
6 Niðurstöður.....	36
Heimildaskrá	39
Viðauki	42

Myndaskrá

Mynd 5.1: Lánshæfiseinkunn einstaklings hjá Discover bankanum (Free Credit Scores for All, Discover Editidon. (e.d).).....	20
Mynd 5-2: Áhrif mismunandi þátta á FICO einkunnina (Heimild: myFICO score, (e.d).)	21
Mynd 5-3: Sýnidæmi af lánshæfismati einstaklings hjá Creditinfo (Heimild: Creditinfo (2012).)	25
Mynd 5-4: Fjöldi einstaklinga á vanskilaskrá frá 2006 til 2015 (Bergdís U. Margrétardóttir, munnleg heimild 25 mars 2015.).....	26

1 Inngangur

Notast hefur verið við lánshæfismöt í Bandaríkjunum og víða í Evrópu síðustu áratugina þótt lítið hafi verið notast við þau á Íslandi. Á árinu 2013 varð hins vegar breyting á lánamarkaðnum á Íslandi með tilkomu nýrra laga um neytendalán nr. 33/2013, en samkvæmt þeim ber fjármálafyrirtækjum skylda til að kanna lánshæfi einstaklinga áður en lánasamningar eru gerðir. Það er gert með því að framkvæma lánshæfismat. Í lögum nr. 33/2013 um neytendalán er lánshæfismat skilgreint sem:

Mat lánveitanda á lánshæfi lántaka byggt á upplýsingum sem eru til þess fallnar að veita áreiðanlegar vísbendingar um líkindi þess hvort lántaki geti efnt lánsamning. Lánshæfismat skal byggt á viðskiptasögu aðila á milli og/eða upplýsingum úr gagnagrunnum um fjárhagsmálefni og lánstraust. Lánshæfismat felur ekki í sér greiðslumat nema slíkt sé áskilið sérstaklega.

Ef lánshæfismat leiðir í ljós að einstaklingur hefur ekki burði til að standa skil á því láni sem sótt er um þá er lánveitandanum óheimilt að veita umsækjandanum lán. Lánveitandi skal einnig framkvæma greiðslumat ef fjárhæð lánasamnings er 2.000.000 kr. eða hærri, en greiðslumat felst í því að meta hversu mikið einstaklingur getur greitt af láni á mánuði miðað við eignir, skuldir, gjöld og tekjur.

Lánshæfismat er framkvæmt til að gera lánveitendum kleift að meta fljótt og örugglega þá áhættu sem er fólgin í því að veita einstaklingum lán. Nákvæmni lánshæfismats fer eftir magni upplýsinga sem er til staðar um hvern og einn einstakling og því betri sem upplýsingarnar eru því nákvæmara verður lánshæfismatið. Í lánshæfismati kemur fram lánshæfiseinkunn, en hún gefur til kynna líkurnar á því að einstaklingur geti ekki staðið við skuldbindingar sínar í framtíðinni (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

Lánshæfiseinkunn er reiknuð út frá upplýsingum sem koma fram í lánayfirliti (e. Credit report) einstaklinga. Lánveitendur nýta sér lánshæfiseinkunn neytenda á markaðnum til að skipta þeim niður í flokka með tilliti til áhættu. Ef áhættan sem falin er í viðskiptum við einstakling er of mikil þá geta fyrirtæki ákveðið að stofna ekki til lánasamninga við hann (Lyons, Rachlis og Scherpf, 2007). Einkunnaskali flestra

lánshæfiseinkunna í dag er byggður upp með þeim hætti að eftir því sem einkunn einstaklings er ofar á skalanum þá eru meiri líkur á því að honum sé veitt lán.

Í þessari ritgerð verður lögð áhersla á að útskýra fyrir lesandanum hvað lánshæfismat, lánayfirlit og lánshæfiseinkunn er, ásamt því að svara spurningunni:

Geta einstaklingar á Íslandi nýtt sér góða lánshæfiseinkunn sér til hagsbóta ? Ef svo er, eru þær sambærilegar við það sem gengur og gerist erlendis ?

Ritgerðin hefst á almennri umfjöllun um lánshæfi einstaklinga. Í fyrri hluta kaflans er fjallað almennt um lánshæfismöt, uppbyggingu þeirra, muninn á almennu (e. Generic scoring model) og sérsniðnu lánshæfismati (e. Customized scoring model) og til hvaða þátta tekið er tillit til við mat á lánshæfi einstaklinga. Í seinni hlutanum er farið yfir lánshæfiseinkunn, tilganginn með einkunninni og mikilvægi hennar í ákvörðunum er varða lánveitingar til einstaklinga. Í þriðja kafla er fjallað um lánayfirlit, en í lánayfirliti koma fram flestar þær upplýsingar sem geta haft áhrif á lánshæfi einstaklinga. Þessar upplýsingar eru síðan notaðar til að reikna lánshæfiseinkunn einstaklinga. Í fjórða kafla verður fjallað um lánshæfiseinkunn FICO, sem notast er við víða erlendis og lánshæfiseinkunn Creditinfo, sem er sú einkunn sem notast er við á Íslandi. Farið verður yfir aðferðafræði þeirra og einkunnaskala til að varpa betra ljósi á það hvernig lánshæfiseinkunnir virka. Að lokum verður fjallað um notkun lánshæfismata hjá völdum erlendum þjóðum, þau viðbótarkjör sem einstaklingar með góða einkunn geta fengið og gerður verður samanburður við notkun lánshæfismata og þau viðbótarkjör sem einstaklingar geta fengið á Íslandi.

2 Lánshæfi einstaklinga

Það er áætlað að hægt sé að mæla og koma í veg fyrir allt að 80% af stýranlegri og mælanlegri áhættu á þeim tímapunkti þegar að einstaklingar skrifa undir lánasamning. Það er enginn annar tímapunktur í líftíma láns sem hefur jafn mikil áhrif á hagnað af lánasamningi og sá tímapunktur. Ef lánshæfi einstaklingsins er ekki metið rétt í upphafi þá getur verið torvelt fyrir lánveitanda að hagnast á láninu og koma í veg fyrir tap seinna meir ef lántakandi stendur ekki við skuldbindingar sínar (Makuch, 2000). Það er því mjög mikilvægt fyrir lánveitendur að geta metið lánshæfi á nákvæman og öruggan hátt strax í upphafi og þar koma lánshæfismöt til sögunnar.

2.1 Lánshæfismat

Lánshæfismat er aðferð sem er notuð til þess að meta áhættuna á því að einstaklingur geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Markmiðið með lánshæfismati er að meta áhættuna sem er fólgin í því að eiga viðskipti við einstakling, en ekki útskýra hana. Í lánshæfismati kemur fram lánshæfiseinkunn þess sem verið er að meta og lánveitendur nýta sér einkunnina til að raða einstaklingum niður í flokka með tilliti til áhættu. Þær breytur sem tekið er tillit til í lánshæfismati eru teknar úr lánayfirliti einstaklingsins, sem tekið er saman af lánshæfismatsstofnunum (e. Credit bureaus) (Mester, 1995).

Lánshæfismöt eru byggð á fyrri frammistöðu neytenda sem hafa þegar nýtt sér ákveðna lánþjónustu, eins og taka húsnæðislán eða notast við ákveðnar tegundir af kreditkortum. Valdir eru neytendur sem hafa keimlíka eiginleika og þeir einstaklingar sem búist er við að meta með lánshæfismatinu í framtíðinni. Út frá frammistöðu þeirra er síðan ákvarðað hvaða einstaklingar séu líklegir til að standa við skuldbindingar sínar í framtíðinni og hverjir séu það ekki. Ef ekki er mögulegt að ákvarða frammistöðu neytenda út frá sögulegum upplýsingum, til dæmis vegna þess að þetta er ný lánþjónusta eða vegna þess að of fáir neytendur hafa notast við hana áður, þá verður lánshæfismatið að byggja á smáu úrtaki út frá þeim upplýsingum sem eru til staðar eða byggja á úrtaki af svipuðum vörum. Hins vegar mun lánshæfismatskerfið ekki verða jafn

gott vegna þess að upplýsingarnar byggja ekki á jafn sterkri undirstöðu (Thomas, Edelman og Crook, 2002).

Lánveitendur yfirfara lánshæfismatið þegar einstaklingur sækir um lán eða aðra þjónustu þar sem einhver greiðslufallsáhætta er til staðar. Lánveitandinn metur þannig áhættuna sem er fólgin í viðskiptum við hvern og einn einstakling fyrir sig og líkurnar á því að til vanefnda komi af hans hálfu. Eftir því sem lánshæfi einstaklinga er betra því minni líkur eru á að þeir geti ekki staðið við skuldbindingar sínar (Thomas, Edelman og Crook, 2002).

2.1.1 Almenn eða sérsniðin lánshæfismöt

Lánveitendur notast aðallega við tvær gerðir lánshæfismata til að meta lánshæfi einstaklinga. Annars vegar er það almennt lánshæfismat (e. Generic scoring model) og hins vegar er það sérsniðið lánshæfismat (e. Customized scoring model). Lánveitendur geta einnig notast við báðar gerðir lánshæfismata (Chandler, 2000).

Almennt lánshæfismat er byggt á gögnum sem koma fram í lánayfirliti einstaklinga. Ákveðin fyrirtæki eða ríkisstofnanir í hverju landi fyrir sig taka saman lánayfirlit einstaklinga í landinu og útbúa lánshæfismat byggt á yfirliti hvers og eins aðila fyrir sig. Því næst er lánshæfismatið selt til lánveitenda á markaðnum og þeir nýta sér það til að meta lánshæfi einstaklinga á sem skilvirkastan og öruggastan hátt. Sérsniðið lánshæfismat er hins vegar framleitt sérstaklega fyrir hvern og einn lánveitanda og er ekki aðgengilegt öðrum lánveitendum á markaðnum. Sérsniðna lánshæfismatið er byggt á viðskiptasögu lánveitandans við viðskiptavinina sína og er hannað sérstaklega til að falla sem best inn í lánaumhverfi hvers og eins lánveitanda fyrir sig (Chandler, 2000).

Flestir lánveitendur í dag notast við almenn lánshæfismöt til að meta lánshæfi einstaklinga. Meginástæðan fyrir því er að almenn lánshæfismöt ná til stærra úrtaks neytenda, eru ódýrari í notkun og eru mun aðgengilegri heldur en sérsniðin lánshæfismöt. Margir lánveitendur eiga það þó til að notast bæði við almenn og sérsniðin lánshæfismöt í því skyni að geta lágmarkað áhættu eins mikið og hægt er. Það getur þó verið torskildara og dýrara heldur en að notast eingöngu við almenn lánshæfismöt (Chandler, 2000).

Á Íslandi notast flestir lánveitendur við lánshæfismat Creditinfo til að meta lánshæfi einstaklinga. Hluti af stærri lánveitendum notast samt sem áður einnig við sérsniðin

lánshæfismöt til að meta lánshæfi þeirra einstaklinga sem þeir eiga viðskiptasögu við. Þetta eru lánveitendur eins og Landsbankinn, Arion banki og Íslandsbanki (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

2.1.2 Breytur sem tekið er tillit til í lánshæfismati

Breyturnar sem notast er við til að meta lánshæfi geta verið misjafnar eftir lánshæfismötum og fara eftir því hverju lánveitendur eru að leita eftir hverju sinni. Breyturnar eru einnig mismunandi eftir því hvort lánveitandi notast við almennt lánshæfismat eða sérsniðið lánshæfismat. Ef lánveitendur notast við sérsniðin lánshæfismöt þá tekur hver og einn lánveitandi tillit til þeirra breyta sem honum finnst líklegt að hjálpi sér við að meta lánshæfi einstaklinga. Hins vegar er almennt lánshæfismat staðlað mat, sem fjöldi lánveitenda í hverju landi fyrir sig notast við og helstu breyturnar sem tekið er tillit til eru oftast nær þekktar (Thomas,Edelman og Crook, 2002). Flest lánshæfismöt byggja samt sem áður á sömu grundvallar breytunum.

Megnið af þeim breytum sem notast er við til að finna lánshæfi einstaklinga tengjast líkunum á því hvort einstaklingur geti staðið við skuldbindingarnar sínar eða ekki. Þetta eru breytur eins og hvort einstaklingurinn sé skráður á vanskilaskrá, hvort hann greiði afborganir af lánum á réttum tíma og hversu háa upphæð hann skuldar á hverjum tímapunkti. Aðrar breytur sem hafa mikil áhrif taka tillit til stöðugleika einstaklingsins, eins og hversu lengi hann hefur haft búsetu á sama stað eða hvort hann sé með atvinnu. Enn aðrar breytur taka tillit til hvort og þá hversu lengi umsækjandi hefur verið í viðskiptum við lánveitanda, hvort hann notist við kreditkort, aldur hans, hjúskaparstaða og hvort hann eigi börn (Thomas,Edelman og Crook, 2002).

Meirihlutinn af þeim breytum sem notast er við til að meta lánshæfi einstaklinga eru fengnar úr lánayfirliti. Í lánayfirliti koma meðal annars fram upplýsingar um skuldir og ábyrgðir einstaklinga. Lánayfirlitið er því mjög mikilvægur þáttur í að ákvarða lánshæfiseinkunn einstaklinga (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015). Nánar verður fjallað um lánayfirlit í kafla 3.

2.1.3 Breytur sem ekki er tekið tillit til í lánshæfismati

Þegar verið er að meta lánshæfi einstaklinga þá eru ákveðnar breytur sem ekki er tekið tillit til. Meðal annars er bannað samkvæmt lögum að mismuna fólki eftir kyni, þjóðerni

eða trúarbrögðum og því er ekki leyfilegt að taka tillit til þessara þátta við mat á láns hæfi einstaklinga. Einnig er að takmörkuðu leyti tekið tillit til aldurs í láns hæfismati (Avery, Brevoort og Canner, 2009).

Í sumum löndum er ekki leyfilegt að taka tillit til hjúskaparstöðu einstaklinga í láns hæfismati. Það á meðal annars við um Bandaríkin, en þar er bannað að taka tillit til hjúskaparstöðu samkvæmt reglugerð um jafnrétti í útreikningi láns hæfismats (e. The Equal Credit Opportunity Act) (Mester, 1997). Á Íslandi, Bretlandi og flestum öðrum löndum í Evrópu er hins vegar leyfilegt að taka tillit til hjúskaparstöðu einstaklinga í láns hæfismati.

Aðrar breytur sem ekki er tekið tillit til, jafnvel þótt það sé ekki bannað með lögum, eru breytur sem almennt er talið óviðeigandi að tekið sé tillit til. Þetta eru breytur eins og upplýsingar um heilsufar einstaklinga í gegnum tíðina og smávægileg brot á lögum eins og stöðumælasektir og annað (Thomas, Edelman og Crook, 2002).

2.1.4 Kostir og gallar við láns hæfismöt

Láns hæfismöt hafa ýmsa augljósa kosti sem hafa leitt til aukinnar notkunar þeirra frá ári til árs. Í fyrsta lagi þá hafa láns hæfismöt dregið allverulega úr tímanum sem það tekur að fá lán samþykkt hjá lánveitendum. Samkvæmt Allen (1995) þá gat áður fyrr tekið allt upp undir tvær vikur að fá lán samþykkt hjá lánveitendum. Í dag geta einstaklingar hins vegar fengið lán samþykkt á innan við klukkutíma þegar best lætur. Þessi tímasparnaður hefur í för með sér að bæði neytendur og lánveitendur græða á því, neytandinn vegna þess hann fær lánið samþykkt á sem stystum tíma og lánveitandinn vegna þess að kostnaður hans við að meta láns hæfi minnkar (Mester, 1997).

Samkvæmt rannsókn Avery, Brevoort og Canner (2009) hefur notkun láns hæfismata aukið framboð á lánum til muna og gerir fleirum kleift að taka lán heldur en áður. Láns hæfismöt auka einnig samkvæmni við ákvarðanir varðandi hverjum eigi að veita lán og hverjum ekki og koma þannig í veg fyrir að ákvarðanir séu byggðar á persónulegum eiginleikum einstaklinga eins og kyni eða þjóðerni.

Helsta gagnrýnin á láns hæfismöt hefur hins vegar verið sú, að það er mjög sjaldan sem tekið er tillit til efnahagslegra aðstæðna einstaklinga þegar verið er að meta láns hæfi þeirra. Það þýðir að láns hæfismöt eru venjulega sett upp á þann hátt að það er engin tenging á milli láns hæfis og efnahagslegra aðstæðna sem einstaklingur býr við í

sínu nánasta umhverfi. Þetta gerir það að verkum, að einstaklingur sem hefur lent í vandræðum við að standa skil á skuldbindingum sínum vegna atburða eins og samdráttar í efnahagslífinu eða læknisfræðilegs neyðartilviks, myndi fá svipaða lánsþæfiseinkunn eins og sá sem hefur verið í lánaerfiðleikum í langan tíma vegna mikillar eyðslu og tregðu til að standa við og greiða niður skuldbindingar sínar (Avery, Calem og Canner, 2004).

Annað sem hefur einnig verið gagnrýnt, er að lánayfirlit einstaklinga getur verið rangt eða misvísandi vegna þess það vantar inn upplýsingar sem ættu að vera til staðar eða rangar upplýsingar hafa verið skráðar sem ættu ekki að vera til staðar. Þar af leiðandi hefur komið fyrir að greiðslur vegna leigu eða lána frá smærri lánveitendum hafa ekki komist rétt til skila til lánsþæfismatsstofnana og hafa því ekki verið teknar með í mati á lánsþæfi einstaklinga. Einnig getur komið fyrir að rangar upplýsingar séu skráðar inn í kerfið vegna mannglegra mistaka (Avery, Bostic, Calem og Canner, 2000).

2.2 Lánsþæfiseinkunn

Lánsþæfiseinkunn segir til um líkurnar á því að einstaklingur geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Hún er gefin upp sem tala eða bókstafur og kemur fram í lánsþæfismati. Eftir því sem einkunnin er hærri því minni líkur eru taldar á því að sá einstaklingur sem skoðaður er standi ekki skil á skuldbindingum sínum. Lánsþæfiseinkunn einstaklinga getur verið metin mismunandi eftir því við hvaða lánsþæfimat notast er við þegar einkunn er reiknuð út (Arya, Eckel og Wichman, 2013).

Lánveitendur geta notast við tvær mismunandi tegundir lánsþæfiseinkunna. Annars vegar er það lánsþæfiseinkunn byggð á lánayfirliti einstaklinga (e. Credit history score) og hins vegar er það lánsþæfiseinkunn byggð á lánasamningi einstaklings við lánveitandann (e. Application score) (Avery, Bostic, Calem og Canner, 2000).

Lánsþæfiseinkunn sem byggir á lánayfirliti einstaklinga tekur tillit til skuldbindinga í gegnum tíðina, afborgana af lánum, uppflettingum hjá innheimtufyrirtækjum og hvort einstaklingur hafi lent í vanskilum. Lánsþæfismatsstofnanir í hverju landi fyrir sig halda utan um lánayfirlit einstaklinga í landinu með því að fá reglulega sendar upplýsingar frá lánveitendum, innheimtufyrirtækjum, lögfræðistofum og öðrum aðilum sem hafa upplýsingar sem geta haft áhrif á lánsþæfi einstaklinga. Lánsþæfiseinkunn einstaklings

er uppfærð út frá þeim upplýsingunum sem eru til staðar í lánayfirlitinu hans hverju sinni. (Arya, Eckel og Wichman, 2013).

Önnur tegund lánshæfiseinkunnar, sem lánveitendur geta notast við er eingöngu byggð á lánasamningi lánveitanda við lántakann og tekur því ekki tillit til neinna upplýsinga sem fram koma í lánayfirliti einstaklingsins. Í lánasamningi er tekið tillit til upplýsinga um einstaklinginn sjálfan eins og nafn, aldur, hjúskaparstöðu, heimilisfang, tekjur og atvinnu. Einnig kemur fram upphæð lánsins sem sótt er um og sú upphæð sem umsækjandi skuldar. Lánshæfiseinkunnir byggðar á lánasamningi voru mikið notaðar áður en byrjað var að meta lánshæfi út frá lánayfirliti. Einstaka lánveitendur nota enn þessa einkunn til að hafna þeim einstaklingum sem þeir eiga slæma viðskiptasögu við og til að samþykkja þá einstaklinga sem vitað er að eru með mjög góða lánshæfiseinkunn vegna fyrri viðskipta við lánveitandann (Credit Reporting Agency, e.d).

3 Lánayfirlit einstaklinga

Lánshæfismatsstofnanir (e. Credit bureaus) safna saman upplýsingum sem geta haft áhrif á lánshæfi einstaklinga. Upplýsingarnar samanstanda af greiðslusögu vegna lána, leigusamninga og greiðslukorta. Einnig er tekið tillit til þess hvort einstaklingurinn hafi lent í gjaldþroti, vanskilum eða útburði af heimilinu sínu og hvort hann sé að greiða niður skuldbindingar sínar á réttum tíma. Jafnframt er aflað upplýsinga um hvaða aðilar séu að fletta einstaklingnum upp í vanskilaskrá. Þessar upplýsingar eru teknar saman og lánayfirlit (e. Credit reports) einstaklinga eru útbúin út frá þeim. Notast er við upplýsingar úr lánayfirliti til að útbúa lánshæfismöt fyrir einstaklinga. Í lánshæfismatinu kemur fram lánshæfiseinkunn einstaklingsins sem segir til um líkurnar á því að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar (Avery, Calem og Canner, 2004).

Í Bandaríkjunum og flestum löndum Evrópu eiga einstaklingar rétt á því að fá eitt frítt afrit af lánayfirliti á ári til að sjá hvað kemur fram í því. Ef einstaklingum finnst nauðsynlegt að fá afrit oftár þá geta þeir keypt lánayfirlit sitt af þeirri lánshæfismatsstofnun sem tekur saman lánshæfi þeirra. Það sama á við ef einhver vill fá afrit af lánshæfiseinkunninni sinni. Þær lánshæfismatsstofnanir sem hafa starfsemi í flestum löndum í dag eru Equifax, Experian og Trans Union, en þær halda utan um lánayfirlit fyrir rúmlega 190 milljónir einstaklinga víðs vegar um heim og fá sendar meira en 2 billjónir nýrra upplýsinga frá lánveitendum á hverju ári. Ein eða fleiri af stóru lánshæfismatsstofnununum þremur starfa meðal annars í Bretlandi, Bandaríkjunum og á Norðurlöndunum, að Íslandi undanskildu (Equifax, Experian og TransUnion, e.d).

Á Íslandi gilda engar reglur um að einstaklingar eigi rétt á fríu eintaki af lánayfirliti eða lánshæfiseinkunn á hverju ári. Einstaklingar á Íslandi geta samt sem áður keypt þessar upplýsingar af fyrirtækinu Creditinfo, sem sér um að taka saman lánayfirlit einstaklinga á Íslandi og útbúa lánshæfismöt út frá þeim. Creditinfo er eina lánshæfismatsstofnunin, sem starfrækt er á Íslandi eins og staðan er í dag (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

3.1 Samsetning lánaýfirlits

Lánaýfirlit geta verið sett saman á misjafnan hátt en þau taka í flestum tilvikum tillit til svipaðra upplýsinga. Samkvæmt Pincetich og Tobin (2000) þá skiptist lánaýfirlit einstaklinga niður í fjóra hluta, sem allir gegna mikilvægu hlutverki í að ákvarða lánaþæfiseinkunn einstaklings. Þessir fjórir hlutar eru:

- 1. Lýðfræðilegar upplýsingar, hér koma fram upplýsingar sem tengjast einstaklingnum sjálfum.**
- 2. Opinber gögn og innheimta, eins og dómsmál tengd einstaklingnum og hvort að einstaklingurinn hafi lent í innheimtuferli vegna vangoldinna afborgana af lánum.**
- 3. Greiðslusaga einstaklings, þar kemur fram núverandi og fyrri lánaþamningar sem einstaklingurinn hefur tekið þátt í og hvernig honum hefur gengið að standa við skuldbindingar sínar.**
- 4. Fyrirspurnir varðandi lánaýfirlit einstaklingsins, í þessum hluta koma fram upplýsingar um aðila sem hafa sent fram beiðni eða skoðað lánaýfirlit einstaklingsins.**

Í fyrsta hluta lánaýfirlitsins koma fram ýmsar lýðfræðilegar upplýsingar, sem tengjast einstaklingnum sjálfum. Meðal annars kemur fram nafn, kennitala, núverandi heimilisfang, allt að tvö fyrri heimilisföng, símanúmer og upplýsingar um núverandi og fyrri vinnuveitendur. Einnig geta komið fram skilaboð sem vara lánveitandann við mögulegum svikum eða frávikum milli nafns og kennitölu einstaklings ásamt yfirlýsingu frá honum varðandi upplýsingar sem koma fram í lánaýfirliti. Yfirlýsingin felur í flestum tilvikum í sér útskýringu á þeim þáttum í lánaýfirliti sem hafa slæm áhrif á lánaþæfi einstaklingsins. Einstaklingurinn getur þannig látið vita ef lánaþæfi hans hefur hlotið skaða af vegna atburða sem hann réð ekki við, eins og að vera fórnarlamb sviksamlegrar starfsemi eða að hafa verið sagt upp störfum. Í þessum hluta kemur einnig fram yfirlit yfir lán einstaklingsins. Þar kemur fram heildarupphæðin sem hann skuldar á þeim tíma, hæsta upphæð sem hann hefur skuldað, vanskil og meðalafborgun á mánuði (Pincetich og Tobin, 2000).

Opinber gögn og upplýsingar um innheimtuferli er annar hluti lánayfirlitsins. Upplýsingar sem koma fram í þessum hluta lánayfirlitsins þurfa að fullnægja lögum og reglum í hverju landi fyrir sig. Í þessum hluta kemur fram hvort einstaklingur hafi lent í gjaldproti eða hafi verið sakfelldur fyrir skattsvik og önnur brot sem geta haft áhrif á lánshæfi hans. Einnig koma fram upplýsingar um skuldbindingar sem farið hafa í innheimtuferli hjá innheimtufyrirtækjum (Pincetich og Tobin, 2000).

Samkvæmt Pincetich og Tobin (2000) er greiðslusaga (e. Payment history) sá hluti lánayfirlits sem er mikilvægastur til að meta lánshæfi einstaklinga. Í greiðslusögunni koma fram upplýsingar um allar lánveitingar til einstaklings, afborganir af lánum og eftirstöðvar hvers og eins láns fyrir sig. Undir greiðslusögu falla upplýsingar um húsnæðislán, greiðslukort, bílalán og önnur lán með afborgunum, verðtryggð sem og óverðtryggð.

Í síðasta hluta lánayfirlitsins kemur fram listi yfir þau fyrirtæki sem hafa lagt inn fyrirspurn um að skoða lánayfirlit einstaklingsins. Ásetningur fyrirspurnarinnar hefur áhrif á hvort að hún sé flokkuð sem slæm fyrirspurn (e. hard inquiry) eða fyrirspurn til kynningar (e. Promotional inquiry). Slæm fyrirspurn á sér stað þegar lánveitandi vill skoða lánayfirlit einstaklings vegna umsóknar hans um lán. Fyrirspurn til kynningar er hins vegar þegar lánveitandi sem á sér ekki viðskiptasögu við einstakling notar upplýsingarnar sem koma fram í lánayfirliti til að ákvarða hvort veita eigi honum lán eða ekki (Pincetich og Tobin, 2000).

4 Lánshæfiseinkunn FICO og Creditinfo

Eins og áður hefur komið fram þá er lánshæfiseinkunn tala eða bókstafur sem segir til um lánshæfi einstaklinga og er byggð á lánayfirliti einstaklings á hverjum tímapunkti. Ákveðin fyrirtæki í hverju landi fyrir sig taka saman lánayfirlit einstaklinga í landinu og lánshæfiseinkunnir sem þau útbúa byggja á þeim upplýsingunum sem fyrirtækin hafa tekið saman. Eftir því sem upplýsingarnar eru nákvæmari því betri verður einkunnin.

Í þessum kafla ritgerðarinnar verður farið yfir lánshæfiseinkunn FICO sem er ein þekktasta og mest notaða lánshæfiseinkunn í heiminum í dag. Einnig verður farið vel í saumana á lánshæfiseinkunn Creditinfo, sem er sú einkunn sem flest fyrirtæki á Íslandi notast við til að meta lánshæfi einstaklinga. Þessar tvær einkunnir ættu að gefa lesandanum góða yfirsýn yfir það hvernig einkunnaskalar lánshæfiseinkunna líta út og til hvaða þátta helst er tekið tillit til við mat á lánshæfi einstaklinga bæði á Íslandi sem og erlendis.

4.1 Lánshæfismat FICO

Ein þekktasta lánshæfiseinkunn sem notuð er í heiminum í dag er lánshæfiseinkunnin FICO, sem var innleidd af Fair Isaac Corporation, en þeir gáfu út sína fyrstu einkunn árið 1958. Notast hefur verið við lánshæfiseinkunn FICO í uppfærðum útgáfum í meira en 25 ár og lánastofnanir í yfir 20 löndum víðsvegar í heiminum nýta sér hana, eða aðrar einkunnir byggðar á henni við ákvarðanir tengdum lánveitingum til einstaklinga (Smith, 2011). FICO einkunnin er meðal annars notuð í yfir 90% af öllum lánaákvörðunum í Bandaríkjunum ásamt því að vera notuð af meira en 50 af 100 stærstu bönkum í heimi (FICO.com, e.d).


Notast hefur verið við margar útgáfur af FICO einkunninni í gegnum tíðina. Einkunnin er oft á tíðum aðlöguð sérstaklega að lánshæfismatsstofnunum eða lánveitendum þar sem þeir vilja oft leggja áherslu á mismunandi þætti í einkunninni. Þannig má einstaklingur búist við því að FICO einkunnin hans geti verið örlítið mismunandi á milli lánshæfismatsstofnana eða lánveitenda, sem eru að meta lánshæfi hans. Allar FICO

einkunnir hafa samt sem áður sama grunninn, uppbygginguna og mjög líkan einkunnaskala (Fair Isaac Corporation, 2011).

4.1.1 Einkunnaskali FICO einkunnarinnar

Sú FICO einkunn sem er í flestum tilfellum notast við er gefin á skalanum 300-850 og eftir því sem einkunnin er hærri því betra er lánshæfi einstaklingsins og minni líkur taldar á því að einstaklingurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Með einkunninni fylgja einnig ástæður fyrir því hvers vegna einstaklingur fær þessa ákveðnu lánshæfiseinkunn (Fair Isaac Corporation, 2011).

Útlit FICO einkunnarinnar getur verið mismunandi milli fyrirtækja en einkunnaskalinn er í flestum tilvikum sá sami. Á meðfylgjandi mynd 5-1 má sjá dæmi um FICO einkunn og hvernig einkunnaskalinn lítur út.




Mynd 5.1: Lánshæfiseinkunn einstaklings hjá Discover bankanum (Free Credit Scores for All, Discover Editidon. (e.d.))

4.1.2 Aðferðafræði FICO einkunnarinnar

FICO einkunnin tekur bæði tillit til jákvæðra og neikvæðra upplýsinga sem koma fram í lánayfirliti einstaklinga og byggir niðurstöðuna á þeim. Upplýsingarnar eru hópaðar saman í fimm flokka sem eru:

1. **Greiðslusaga (e. Payment history)**
2. **Skuldir (e. Amounts owed)**
3. **Lengd lánasögu (e. Length of credit history)**
4. **Nýir lánasamningar (e. New credit)**
5. **Tegundir lána og greiðslukorta í umferð (e. Types of credit used)**

Eins og sjá má á skífuritinu í mynd 5-2 þá hefur hver og einn af þessum fimm flokkum ákveðið mikið vægi í lánshæfiseinkunn FICO (Fair Isaac Corporation, 2011).



Mynd 5-2: Áhrif mismunandi þátta á FICO einkunnina (Heimild: myFICO score, (e.d).)

Sá þáttur sem er mikilvægastur í FICO einkuninni er greiðslusaga einstaklinga. Þær breytur sem tekið er tillit til í greiðslusögu eru kreditkortareikningar, lán með afborgunum, gjaldþrot, útburður af heimili og lögsóknir. Í greiðslusögunni kemur einnig fram hvort einstaklingur hafi greitt fyrri skuldbindingar sínar og hvort hann hafi gert það á réttum tíma. FICO einkunnin tekur tillit til afborgana af lánum sem hafa verið greiddar

eftir síðasta gjalddaga, hversu langur tími leið þangað til afborganirnar voru greiddar og hversu langt er síðan einstaklingurinn innti síðast af hendi afborgun. Ef einstaklingur lendir í því að geta ekki greitt skuldbindingar sínar á réttum tíma þá þýðir það hins vegar ekki endilega að lánshæfiseinkunnin hans hljóti skaða af heldur jafnast mistökin út ef hann hefur verið með góða lánshæfiseinkunn í langan tíma (Fair Isaac Corporation, 2011).

Ef einstaklingur lendir í gjaldþroti, vanskilum eða lögsóknum, sem hafa áhrif á lánshæfi hans þá geta atburðirnir fylgt einstaklingnum eftir í greiðslusögu hans mörg ár á eftir. Gjaldþrot koma til dæmis fram í greiðslusögu í 6-10 ár eftir að þau eiga sér stað. Alvarleiki brotsins hefur einnig áhrif á hversu lengi brotið kemur fram í greiðslusögu (Fair Isaac Corporation, 2011).

Skuldir er sá þáttur sem kemur næst á eftir greiðslusögu hvað varðar áhrif á FICO einkunn einstaklings. FICO einkunnin leggur mikla áherslu á að meta hvar mörkin liggja varðandi skuldir. Í því fellst að meta hvenær skuldir eru of háar og hvenær þær séu innan ásættanlegra marka. Sú breyta sem hefur mest áhrif á þennan þátt einkunnarinnar er heildarupphæð skulda í lok hvers mánaðar. Þessi heildarupphæð er sú upphæð sem kemur fram í lánayfirliti einstaklings. Aðrar breytur sem hafa áhrif eru hvernig skuldirnar dreifast milli reikninga, það er hvort þær séu vegna greiðslukorta, húsnæðislána eða annarra lána með reglulegum afborgunum. Það hefur meðal annars góð áhrif á FICO einkunn einstaklings ef hann fékk til dæmis í upphafi lánaðar 10.000.000 króna til kaupa á húsi og er í dag búinn að borga 8.000.000 krónur af láninu. Þá á lántakandinn einungis eftir að borga 20% af heildarupphæðinni ásamt vöxtum en það sýnir að hann er viljugur og hefur burði til að stjórna og greiða niður skuldir sínar. Hins vegar hefur það slæm áhrif á einkunnina ef meirihluti skulda er vegna ógreiddra greiðslukorta reikninga (Fair Isaac Corporation, 2011).

Undir venjulegum kringumstæðum er það þannig, að eftir því sem lánasaga einstaklings er lengri þá hækkar FICO einkunnin hans. Það er vegna þess að eftir því sem lánasaga einstaklings teygir sig yfir lengra tímabil þá liggja fyrir nákvæmari upplýsingar um einstaklinginn og greiðsluvilja hans. Einstaklingar með stutta lánasögu geta samt sem áður fengið háa FICO einkunn byggða á öðrum þáttum sem tekið er tillit til í einkunninni. Breytan sem hefur megin áhrif á þennan þátt einkunnarinnar er, hversu

langt er síðan einstaklingur stofnaði að meðaltali til lánaviðskipta (Fair Isaac Corporation, 2011).

Aðrir þættir sem hafa minna vægi í FICO einkunn einstaklings eru nýir lánasamningar og tegundir lána og greiðslukorta í umferð.

Einstaklingar sem hafa stofnað til fjölda lánasamninga á stuttum tíma eru taldir bera meiri áhættu en aðrir. Þetta á sérstaklega við í nútímasamfélagi þar sem stór hluti lánaviðskipta fer fram í gegnum internetið og gerir þannig aðilum auðveldara fyrir að stofna til skuldbindinga en áður. Eftir því sem einstaklingar eru með styttri lánasögu hefur stofnun nýrra lánasamninga verri áhrif á FICO einkunnina þeirra. FICO einkunnin tekur líka tillit til fjölda beiðna sem einstaklingur hefur lagt fram um ný lán eða greiðslukort síðastliðna 12 mánuði (Fair Isaac Corporation, 2011).

Tegundir lána og greiðslukorta í umferð hafa einnig áhrif á FICO einkunnina. Tekið er tillit til hvernig heildar skuldbindingar einstaklings skiptast niður á kreditkort, húsnæðislán, reikninga hjá fjármálafyrirtækjum eða lán með afborgunum. Þessi þáttur einkunnarinnar hefur oftast nær lítil áhrif á heildareinkunn einstaklingsins. Undantekning er hins vegar ef lánayfirlit inniheldur litlar sem engar upplýsingar um lánasögu einstaklingsins en þá er lögð meiri áhersla á þennan þátt heldur en ella (Fair Isaac Corporation, 2011).

4.2 Lánshæfiseinkunn Creditinfo

Á Íslandi er það fyrirtækið Creditinfo sem safnar saman upplýsingum sem hafa áhrif á lánshæfi einstaklinga og tekur þær saman í lánayfirliti. Creditinfo býður upp á lánshæfismat sem er byggt á þessum upplýsingum og reiknar út lánshæfi einstaklinga, sem eru 18 ára eða eldri. Lánshæfismat er hins vegar ekki reiknað fyrir þá sem eru búsettir erlendis, eru á vanskilaskrá eða hafa verið sviptir fjárræði eða lögræði (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

Lánshæfismat Creditinfo var hannað sérstaklega fyrir markaðinn á Íslandi. Matið er endurmetið minnst einu sinni á ári, breytur uppfærðar og vægi þeirra aðlagð eftir því sem best þykir hverju sinni. Þróun lánshæfismatsins hófst árið 2009 og byrjað var að notast við lánshæfismatið árið 2013 með tilkomu laga um neytendalán nr. 33/2013, en samkvæmt lögunum ber lánveitendum á Íslandi skylda til að meta lánshæfi einstaklinga áður en að teknar eru ákvarðanir varðandi lánveitingar til þeirra. Lánshæfismatið er

alfarið byggt á íslenskum gögnum en er þó unnið út frá alþjóðlegum stöðlum (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

Markaðurinn á Íslandi hentaði einkar vel til þróunar á lánshæfismati að því leyti, að mikið var til af upplýsingum um einstaklinga sem hægt var að taka tillit til við mat á lánshæfi. Það er ein af ástæðunum fyrir því að lánshæfismat Creditinfo er með hæsta Gini stuðulinn í Evrópu, en Gini stuðullinn segir til um áreiðanleika lánshæfismats á bilinu 1-100. Gini stuðull lánshæfismats Creditinfo var 82,3 árið 2014 sem þýðir að það eru 82,3% líkur á því að lánshæfismatið sé rétt og muni standast. Til samanburðar er meðal Gini stuðullinn í Evrópu á milli 50-60 (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).


Í dag er Creditinfo eina fyrirtækið á Íslandi sem býður upp á lánshæfismat sem fyrirtæki á markaðnum geta nýtt sér til að meta lánshæfi einstaklinga. Neytendur á Íslandi hafa aðgang að sínu eigin lánshæfismati og geta náð í það á heimasíðu Creditinfo. Flestir lánveitendur á Íslandi notast við lánshæfismat Creditinfo í hvert sinn sem einstaklingur sækir um lán (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015). Stærri lánveitendur eins og Landsbankinn, Íslandsbanki og Arion banki hafa hins vegar einnig útbúið sérsniðin lánshæfismöt sem þeir nota til að meta lánshæfi einstaklinga sem þeir hafa átt í viðskiptum við áður (Hildur Nielsen-Landsbankinn, Hildur Brynja Andrésdóttir-Íslandsbanki og Ólafur Hafnfjörð Auðunsson-Arion banki, munnleg heimild 15. 22. og 27. apríl 2015).

4.2.1 Einkunnaskali lánshæfiseinkunnar Creditinfo

Lánshæfiseinkunn Creditinfo er gefin á skalanum A1-E3. Innan hvers áhættuflokks er einkunninni síðan skipt í þrennt frá 1-3. Innan bókstafsins A eru því þrjár einkunnir, A1, A2 og A3 og svo framvegis að lægstu einkunninni sem er E3. Eftir því sem lánshæfiseinkunn einstaklingsins er hærri því minni líkur eru á að einstaklingur geti ekki staðið við lánasamning á næstu tólf mánuðum (Creditinfo, e.d.).

Á mynd 5-3 má sjá sýnidæmi af lánshæfismati einstaklings hjá Creditinfo. Í matinu kemur fram einkunnaskali lánshæfismatsins, áhættuflokkur einstaklingsins, líkurnar á skráningu á vanskilaskrá og hvort einstaklingurinn sé með tengingu við fyrirtæki á markaðnum. Einnig kemur fram í matinu samanburður á lánshæfiseinkunn

einstaklingsins við aðra einstaklinga á Íslandi, ásamt því að gerður er samanburður eftir aldri og búsetu (Creditinfo, 2012).




Mynd 5-3: Sýnidæmi af lánshæfismati einstaklings hjá Creditinfo (Heimild: Creditinfo (2012).)

4.2.2 Aðferðafræði einkunnarinnar

Creditinfo notast við tvö líkön við mat á lánshæfi einstaklinga. Annað líkanið er notað til að meta lánshæfi einstaklinga án tengsla við fyrirtæki og hitt líkanið er notað til að meta lánshæfi einstaklinga með tengsl við fyrirtæki. Einstaklingar eru sagðir vera með tengsl við fyrirtæki ef þeir eiga hlut í fyrirtækjum, sita í stjórn fyrirtækja eða eru í framkvæmdastjórn þeirra. Matið er að mestu byggt á greiðslusögu einstaklinga og tekur tillit til lána og kreditkortareikninga einstaklings ásamt afborgunum sem hann greiðir af hverju og einu láni. Í greiðslusögu kemur líka fram hvort einstaklingur hafi greitt fyrri skuldbindingar sínar á réttum tíma. Aðrar breytur sem tekið er tillit til í lánshæfismati Creditinfo skiptast í tvo flokka eftir því hversu mikið vægi þær hafa á útkomu lánshæfismatsins.

Undir fyrri flokkinn falla breytur sem að hafa mest vægi í lánshæfismatinu. Sú breyta sem hefur mest áhrif á lánshæfismat eru söguleg vanskil einstaklings, en söguleg vanskil eru vanskilamál, sem hafa verið skráð hjá Creditinfo á síðastliðnum 48 mánuðum. Alvarleiki vanskilamálsins hefur einnig áhrif á hversu mikið vægi vanskilin hafa í lánshæfismatinu. Á mynd 5-4 má sjá fjölda einstaklinga á vanskilaskrá á Íslandi frá árinu 2006 til mars 2015. Eftir fjármálahrunið á Íslandi árið 2008 jókst fjöldi á vanskilaskrá til muna eða um rúm 60% til ársins 2011. Síðan þá hefur fjöldi einstaklinga á vanskilaskrá verið nokkuð stöðugur eða í kringum 6700 einstaklingar (Jóhannes Stephensen, munnleg heimild 15. apríl 2015).



Mynd 5-4: Fjöldi einstaklinga á vanskilaskrá frá 2006 til 2015 (Bergdís U. Margrétardóttir, munnleg heimild 25 mars 2015.)

Innheimtuaðgerðir er önnur breyta sem hefur mikil áhrif á lánshæfi. Innheimtuaðgerðir fela í sér uppflettingar innheimtufyrirtækja á einstaklingnum og hvort þeir séu á vöktunarlista hjá einhverjum af þeim innheimtufyrirtækjum sem starfa á Íslandi (Jóhannes Stephensen, munnleg heimild 15. apríl 2015).

Ef einstaklingar eru með tengsl við fyrirtæki þá eru tvær mikilvægar breytur í viðbót sem tekið er tillit til. Annars vegar er það hvort að einstaklingur sé með tengsl við gjaldþrota fyrirtæki og hins vegar hvort hann sé með tengsl við áhættusöm fyrirtæki (Jóhannes Stephensen, munnleg heimild 15. apríl 2015).

Í seinni flokknum eru breytur sem hafa minna vægi í lánshæfismatinu. Um er að ræða almennar upplýsingar um einstaklinga sem getur verið erfitt að hafa áhrif á. Þær breytur sem tekið er tillit til er aldur, búseta, hjúskaparstaða og upplýsingar úr skattskrá, eins og útsvar, auðlegðarskattur og vaxtabætur (Jóhannes Stephensen, munnleg heimild 15. apríl 2015).

Aldur einstaklings hefur áhrif á lánshæfismat að því leyti að venjulega er áhættan sem tengd er einstaklingnum minni eftir því sem að hann er eldri. Þar af leiðandi fá eldri einstaklingar hærrí einkunn úr þessum þætti heldur en þeir sem yngri eru.

Búseta einstaklings hefur einnig áhrif á lánshæfismat. Skoðað er hvert og eitt bæjarfélag fyrir sig og svæðið sem einstaklingur er búsettur á innan bæjarfélags. Eftir því sem að fjöldi fyrirtækja og einstaklinga sem farið hafa í gjaldþrot eða á vanskilaskrá er meiri á því svæði sem einstaklingurinn býr á, því lægri einkunn fær hann úr þessum þætti. Dæmi um þetta er ef einstaklingur býr í miðbæ Reykjavíkur, en þá fær hann lægri einkunn úr þessum þætti einkunnarinnar heldur en ef hann byggir í Kópavogi eða Garðabæ. Ástæðan fyrir því er að það er mikið af fyrirtækjum í miðbæ Reykjavíkur, sem hafa orðið gjaldþrota á síðastliðnum árum eða hafa átt í vandræðum vegna vanskila (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

Hjúskapur er önnur breyta sem hefur áhrif á lánshæfismatið. Einstaklingur fær hærrí einkunn ef hann er í hjúskap heldur en ef hann er ekki í hjúskap. Erfitt er fyrir einstaklinga að hafa áhrif á þessa breytu nema að einstaklingur ætli sér að giftast eingöngu til þess að hækka lánshæfismatið sitt (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

5 Áhrif lánsþæfismats á líf neytenda

Þegar fyrst var byrjað að notast við lánsþæfismöt í skipulögðum tilgangi voru þau eingöngu notuð til að meta áhættuna sem fólgin var í því að veita einstaklingum kreditkort, en þetta var fyrir rúmum 60 árum. Eftir því sem árin liðu þá gerðu lánveitendur sér betur grein fyrir því hvað lánsþæfi einstaklinga skiptir gríðarlega miklu máli og notkun lánsþæfiseinkunnar hefur breyst í takt við það (Thomas, Edelman og Crook, 2002).

Í dag er lánsþæfiseinkunn einstaklinga ekki einungis notuð til að meta áhættuna sem er fólgin í að veita einstaklingum kreditkort eða taka lán, heldur getur hún einnig verið notuð til að meta einstaklinginn þegar hann sækir um tryggingar, atvinnu eða leitast eftir að leigja húsnæði á leigumarkaðnum. Í mörgum löndum gildir sú regla, að eftir því sem einstaklingur er með hærri lánsþæfiseinkunn því betri kjör fær hann á kreditkortum og lánum, meðal annars í formi lægri vaxta eða hærri lánsupphæðar, ásamt ýmsum öðrum fríðindum sem lánveitendur bjóða upp á (Lyons, Rachlis og Scherpf, 2007). Það fer þó eftir lánveitendum og lögum og reglugerðum í hverju landi fyrir sig hvernig notast er við lánsþæfismöt í landinu og hversu mikil áhrif lánsþæfiseinkunn einstaklings hefur á ákvörðunartöku lánveitenda, tryggingarfélaganna og annarra aðila. Kjör sem einstaklingar með góða einkunn geta fengið geta verið mismunandi milli landa og í sumum tilvikum eiga einstaklingar ekki möguleika á því að fá betri kjör, jafnvel þótt lánsþæfiseinkunn þeirra sé betri heldur en gengur og gerist.

Í kaflanum hér á eftir verður skoðað hvernig notast er við lánsþæfiseinkunnir í Danmörku, Bretlandi og Bandaríkjunum og hvort og þá hvaða kjör einstaklingar með góða einkunn geta fengið. Einnig verður skoðað hvernig notast er við lánsþæfiseinkunn á Íslandi og hvort einstaklingar með góða lánsþæfiseinkunn fá betri kjör en aðrir. Í lok kaflans verður síðan gerður samanburður á Íslandi og þeim löndum sem skoðuð voru.

Til að fá betri yfirsýn yfir notkun lánsþæfiseinkunnanna á Íslandi var tekið viðtal við Bergdís U. Margrétardóttur og Ásu Ólafsdóttur hjá Creditinfo ásamt því að sendar voru spurningar á stóru bankana þrjá, Landsbankann, Íslandsbanka og Arion banka. En þessir

Þrjár bankar eru með mikla markaðshlutdeild á einstaklingsmarkaðnum og endurspeglar því vel markaðinn í heild. Þeir aðilar sem svöruðu spurningunum hjá bönkunum voru Hildur Nielsen hjá Landsbankanum, Hildur Brynja Andrésdóttir hjá Íslandsbanka og Óskar Hafnfjörð Auðunsson hjá Arion banka.

5.1 Notkun lánsþæfiseinkunnar erlendis

5.1.1 Notkun í Danmörku

Bankar og fjármálastofnanir í Danmörku notast við lánsþæfiseinkunn einstaklinga til að meta áhættuna sem er fólgin í því að veita einstaklingum lán eða kreditkortþjónustu, en þeir eru þó ekki þeir einu sem notast við lánsþæfiseinkunnir. Í dag eru lánsþæfiseinkunnir skoðaðar af atvinnurekendum í ráðningarferli og tryggingarfélag notast einnig við þær þegar verið er að meta tryggingarmöguleika einstaklinga. Einnig hefur verið vitað til þess að leigusalar taki tillit til einkunnar einstaklinga við val á leigjendum. Símafyrtæki og önnur fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu hafa líka verið þekkt fyrir að notast endrum og eins við lánsþæfiseinkunnir einstaklinga við ákvarðanir varðandi gjöld sem tengjast viðskiptunum (Denmark State Bank, 2011).

5.1.2 Notkun í Bretlandi

Í hvert sinn sem einstaklingar sækja um kreditkort eða lán í Bretlandi þá er lánsþæfiseinkunn þeirra skoðuð (Halifax, e.d). Lánsþæfiseinkunn einstaklinga er einnig skoðuð þegar þeir vilja opna nýja reikninga í banka, sækja um ákveðnar tegundir af tryggingum og þegar sótt er um þjónustu þar sem samningar eru gerðir á milli kaupanda og seljanda (Barclays, e.d).

Lánsþæfiseinkunn einstaklinga hefur verið notuð við markaðssetningu í Bretlandi. Fyrirtæki notast við lánsþæfiseinkunn til að sía út þá einstaklinga sem eru með laka einkunn og þeim er sleppt í markaðssetningu á nýjum vörum og þjónustu til neytenda. Það hefur einnig verið notast við lánsþæfiseinkunn til að koma auga á einstaklinga sem hafa óvenju mikla lánavirkni eða aðila þar sem lánavirkni breytist skyndilega á stuttu tímabili. Þannig nýta eftirlitsaðilar sér lánsþæfiseinkunn einstaklinga til að finna þá aðila sem eru líklegir til að stunda ólöglega starfsemi (Experian UK, 2014).

5.1.3 Notkun í Bandaríkjunum

Tekið er tillit til lánshæfiseinkunnar í Bandaríkjunum í öllum ákvörðunum er varða lánveitingar og umsóknir um kreditkort til einstaklinga. Bæði hvað varðar tegundir lána og kreditkorta sem einstaklingar geta fengið sem og vexti og önnur kjör.

Samkvæmt skýrslu sem útbúin var af stofnuninni um fjárhagslega vernd neytenda í Bandaríkjunum (e. Consumer Financial Protection Bureau) árið 2011 þá eru lánshæfiseinkunnir einstaklinga notaðar í ýmsum tilgangi á markaðnum öðrum en eingöngu varðandi ákvarðanir er tengjast lánveitingum og kreditkortum.

Samkvæmt skýrslunni er lánshæfiseinkunn meðal annars notuð við markaðssetningu í Bandaríkjunum, en það er gert með því að nýta lánshæfiseinkunn einstaklings til að ákvarða hvaða lán, kreditkort og aðra þjónstu eigi að markaðssetja til einstaklinga. Söluaðilar á markaðnum geta notast við lánshæfiseinkunn við mat á því hvort það eigi að selja lántakendum nýjar vörur og þjónustu og einnig hefur verið notast við einkunnina hjá tryggingarfélagum til að ákvarða kjör á tryggingum sem einstaklingar eiga rétt á (Consumer Financial Protection Bureau, 2011).

Atvinnurekendur í Bandaríkjunum hafa nýtt sér lánshæfiseinkunn einstaklinga við ráðningar á starfsfólki og leigusalar hafa notast við hana til að finna þá leigjendur sem taldir eru líklegastir til að standa skil af leigu í hverjum mánuði (Lyons, Rachlis og Scherpf, 2007).

5.1.4 Áhrif lánshæfiseinkunnar á einstaklinga erlendis

Í Danmörku, Bretlandi og Bandaríkjunum er það almennt þannig að eftir því sem einstaklingar eru með betri lánshæfiseinkunn þá er þeim umbunað með betri kjörum á lánnum og kreditkortum. Þeir eiga einnig auðveldara með að verða sér út um vinnu, leigja íbúðir og fá ýmis önnur fríðindi. Það er vegna þess að góð lánshæfiseinkunn segir lánveitendum að einstaklingurinn beri litla sem enga áhættu og sé því góð fjárfesting.

Eitt það fyrsta sem lánveitendur gera þegar einstaklingur sækir um lán er að skoða lánshæfiseinkunnina hans. Þetta á við um allar tegundir lána. Lánshæfiseinkunn gefur lánveitanda yfirsýn yfir það hversu mikla áhættu hann tekur með því að veita umsækjanda lán. Einkunnin hefur áhrif á hvaða tegund lána einstaklingur á rétt á, hversu háa upphæð hann getur fengið að láni og hvaða vexti hann getur fengið af láninu (Consumer Financial Protection Bureau, 2011). Það getur verið mismunandi eftir

hverjum og einum lánveitanda hvaða kjör einstaklingar geta fengið og það á sérstaklega við í Bretlandi og Danmörku. Hins vegar geta neytendur í Bandaríkjunum séð hvaða vextir eru í boði af lánum í hverju ríki fyrir sig miðað við þá lánshæfiseinkunn sem þeir eru með. Neytendur í Bandaríkjunum geta meðal annars flett vöxtunum upp á veraldarvefnum (MyFICO-Loan Savings Calculator, e.d).

Þegar sótt er um kreditkort þá getur lánshæfiseinkunn ekki einungis haft áhrif á hvort einstaklingar fái aðgang að kreditkortum, heldur hefur hún einnig áhrif á vexti og hámark heimildar og ýmis kjör sem einstaklingur getur fengið á kreditkortum (Consumer Financial Protection Bureau, 2011). Þetta á við í þeim löndum sem skoðuð voru.

Notkun lánshæfiseinkunnar í markaðssetningu hefur orðið til þess að aðilar með góða lánshæfiseinkunn í Bretlandi og Bandaríkjunum eru líklegri til að fá betri kjör en aðrir. Lánveitendur og ýmsir söluaðilar leitast eftir því að eiga í viðskiptum við þá einstaklinga sem eru með góða lánshæfiseinkunn og bjóða þeim betri kjör og nýjar vörur og þjónustu til að laða þá í viðskipti til sín (Experian UK, 2014 og Consumer Financial Protection Bureau, 2011). Jafnvel þótt neytendur notist ekki við þau tilboð sem þeir fá send þá geta þeir samt sem áður nýtt sér tilboðin sem vogarafl í samningaviðræðum til að verða sér úti um betri kjör (LaToya ,e.d).

Tryggingarfélag erlendis hafa verið þekkt fyrir að taka tillit til lánshæfiseinkunnar einstaklinga við mat á gjöldum fyrir tryggingar. Hjá þeim gildir að þeir einstaklingar sem eru með hærri einkunn greiða lægri gjöld en aðrir. Það sama á við um ýmsa aðra þjónustu þar sem samningar eru gerðir á milli kaupanda og seljanda. Vinnuveitendur í Bretlandi, Bandaríkjunum og Danmörku hafa á síðustu árum byrjað að taka tillit til lánshæfiseinkunnar neytenda þegar þeir sækja um störf. Leigusalar hafa sömuleiðis nýtt sér lánshæfiseinkunn við val á leigjendum.

5.2 Notkun lánshæfiseinkunnar á Íslandi

Það var ekki fyrr en með tilkomu neytendalaga nr. 33/2013 sem byrjað var að notast við lánshæfismöt og þar með lánshæfiseinkunn á Íslandi. Það er því einungis stutt reynsla af notkun þeirra hér á landi miðað við aðrar þjóðir.

Lánveitendur á Íslandi notast við lánshæfiseinkunn við ákvarðanir tengdar lánveitingum til einstaklinga. Þetta á við um allar tegundir lána. Einnig er tekið tillit til lánshæfiseinkunnar þegar einstaklingar sækja um hinar ýmsu tegundir kreditkorta sem í

boði eru á markaðnum í dag. Bankar skoða lánshæfiseinkunn þegar nýir viðskiptavinir koma í viðskipti við bankann og áður en nýir reikningar eru opnaðir í bankanum (Hildur Nielsen, Hildur Brynja Andrésdóttir og Óskar Hafnfjörð Auðunsson, munnleg heimild).

Tryggingarfélag, símafyrirtæki og aðrir söluaðilar á Íslandi hafa ekki svo vitað sé tekið tillit til lánshæfiseinkunnar í ákvörðunum er varða viðskipti við neytendur. Það sama á við um leigusala og vinnuveitendur. Engar reglur eru samt sem áður til staðar sem banna þessum aðilum að skoða lánshæfiseinkunn einstaklings og nýta sér hana í ákvörðunartöku sinni. Áður en lánshæfiseinkunn einstaklings er skoðuð verður sá aðili sem um ræðir samt að fá samþykki einstaklingsins áður en hann getur náð í einkunnina hans (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015).

5.2.1 Áhrif lánshæfiseinkunnar á einstaklinga á Íslandi

Lánshæfiseinkunn hefur áhrif á kjör sem einstaklingar á Íslandi geta fengið hjá fjármálafyrirtækjum. Það er þó mismunandi eftir hverjum og einum lánveitanda eða kreditkortafyrirtæki hvaða kjör einstaklingar geta fengið.

Hjá Arion Banka, Íslandsbanka og Landsbankanum hefur lánshæfiseinkunn einstaklings áhrif á það hvort einstaklingur geti orðið aðili að þeirri vildarþjónustu sem er í boði hjá hverjum banka. Lánshæfiseinkunn einstaklinga er þó ekki eini þátturinn sem tekið er tillit til heldur er einnig tekið tillit til umfangs viðskipta, gæða útlána, innstæðu í bankanum og almennrar viðskiptasögu. Þar sem góð viðskiptasaga getur endurspeglast í góðri lánshæfiseinkunn einstaklings þá má segja að hún hafi áhrif á vildarkjör sem einstaklingar geta fengið (Hildur Nielsen, Hildur Brynja Andrésdóttir og Óskar Hafnfjörð Auðunsson, munnleg heimild).

Hjá Íslandsbanka getur góð lánshæfiseinkunn bætt líkurnar á því að einstaklingur verði aðili að Vildarþjónustu bankans (Hildur Brynja Andrésdóttir, munnleg heimild 22 apríl 2015). Þrjár mismunandi leiðir eru í boði í Vildarþjónustunni, ein fyrir námsmenn, en þar er ekki tekið tillit til lánshæfiseinkunnar og síðan eru tvær aðrar leiðir, Gullvild og Platínúmvild, sem gefa einstaklingum færi á að fá betri kjör. Þeir sem verða aðilar að Vildarþjónustunni eiga möguleika á því að fá bætt kjör á kreditkortum í formi afsláttar og fjölda ókeypis færsla á ári. Þeir fá jafnframt lægri yfirdráttarvexti á tékkareikningum, rýmri yfirdráttarheimild og hærri innlánsvexti. Einstaklingar eiga auk þess möguleika á að fá hagstæðari vexti af bílalánum og afslátt af lántökugjöldum. Aðilar að

vildarþjónustunni fá til viðbótar ýmis tilboð og afslætti sem eru í boði hverju sinni (Vildarþjónusta Íslandsbanka, e.d).

Hjá Landsbankanum hefur góð lánsþjónustan áhrif á möguleika einstaklings á að gerast aðili að Vörðunni, en Varðan er vildarþjónusta Landsbankans (Hildur Nielsen, 15 apríl 2015). Aðilar að Vörðunni fá meðal annars hagstæðari vexti á launareikningum, frítt árgjald af gulldebetkortum og rýmri yfirdráttarheimild en aðrir. Enn fremur fá einstaklingar afslátt af lántökugjöldum og frítt greiðslumat þegar sótt er um öll lán í Landsbankanum nema íbúða- og fasteignalán. Ef aðilar að Vörðunni hafa áform um að kaupa sér bíl þá fá þeir þar að auki hagstæðari kjör við bílafjármögnun og eiga möguleika á allt að 30% afslætti af iðgjöldum hjá tryggingarfélaginu Verði (Varðan Vildarþjónusta Landsbankans, e.d).

Lánsþjónustan einstaklinga hefur einnig áhrif á þá sem eru teknir inn í Vildarþjónustu Arion banka (Óskar Hafnfjörð Auðunsson, munnleg heimild 29. apríl 2015). Þeir einstaklingar sem eru aðilar að Vildarþjónustu Arion banka njóta ávinnings í formi betri kjara á veltureikningum, afslætti og frjár færslur af debet- og kreditkortum og betri kjör af tryggingum hjá Okkar lífi. Aðilar fá jafnframt afslátt af lántökugjaldi allra lána nema íbúðalána og 50% afslátt af greiðslumati ásamt ýmsum tilboðum og kjörum frá samstarfsaðilum Arion Banka og Netklúbbsins, en tilboð sem eru í boði geta breyst á milli mánaða (Vildarþjónusta Arion Banka, e.d).

5.3 Samanburður

Misjafnt er milli landa hvernig þeir möguleikar sem lánsþjónustur hafa upp á að bjóða eru nýttir. Bandaríkin standa öðrum löndum frammar í notkun lánsþjónustunnar með rúmlega hálfri aldar reynslu að baki, en Bandaríkin voru fyrsta landið til að innleiða einkunn við mat á lánsþjónustu einstaklinga (Smith,2011). Bretland og Danmörk fylgja fast á hæla Bandaríkjanna hvað varðar notkun á einkunninni. Eins og staðan er í dag þá er Ísland nokkuð á eftir hinum löndunum þremur. Ástæðuna fyrir því má rekja til þess að einungis er nokkurra ára reynsla af notkun lánsþjónustunnar hér á landi miðað við áratuga reynslu erlendis.

Í þeim löndum sem skoðuð voru nýta bankar og aðrar fjármálastofnanir sér lánsþjónustur við mat á þeirri áhættu sem fólgin er í að veita einstaklingum lán eða kreditkort. Einnig gildir að einkunn einstaklinga er skoðuð þegar þeir vilja opna nýja

reikninga eða hefja viðskipti við fjármálastofnun sem þeir hafa ekki átt viðskipti við áður. Ísland er hins vegar eina landið af þeim löndum sem skoðuð voru sem nýtir ekki lánshæfiseinkunn við markaðssetningu, ráðningu á starfsfólki og á leigumarkaðnum, ásamt því að einkunn einstaklinga er ekki skoðuð þegar einstaklingar kaupa sér vörur og þjónustu og við ákvarðanir varðandi tryggingar.

5.3.1 Samanburður á kjörum milli landa

Erfitt er að meta til fullnustu hvaða kjör einstaklingar geta fengið í hverju landi fyrir sig. Það er vegna þess að mismunandi er eftir lánveitendum, tryggingarfélögum og söluaðilum hvaða kjör þeir bjóða aðilum með góða lánshæfiseinkunn.

Munurinn á Íslandi og þeim löndum sem skoðuð voru er, að hér á landi hefur lánshæfiseinkunn ein og sér ekki áhrif á kjör sem einstaklingar geta fengið. Kjör einstaklinga eru ákveðin út frá mörgum þáttum og lánshæfiseinkunn einstaklinga er einungis einn af þeim. Einstaklingar á Íslandi geta samt sem áður orðið sér úti um betri kjör með því að verða aðilar að vildarþjónustu Íslandsbanka, Landsbankans eða Arion banka og góð lánshæfiseinkunn getur aukið líkurnar á því að vera samþykktur inn í vildarþjónustuna.

Þegar kemur að lánum þá getur góð lánshæfiseinkunn gert einstaklingum kleift að fá lægri vexti og afslátt af lántökugjöldum. Á Íslandi fá þeir sem eru í vildarþjónustu bankanna afslátt af lántökugjöldum allra lána nema íbúða- og fasteignalána ásamt því að fá hagstæðari vexti af bílalanum. Það kemur þó ekki fram hvort þeir eigi möguleika á vaxtalækkunum af öðrum lánum en það er þó vel mögulegt. Hjá þeim erlendu löndum sem skoðuð voru hefur góð lánshæfiseinkunn hins vegar áhrif á vaxtakjör allra lána. Það er þó erfitt að meta hversu mikil áhrif einkunnin hefur á vexti í hverju landi fyrir sig. Undantekning hér er Bandaríkin, en þar geta einstaklingar séð á veraldarvefnum hvaða vexti þeir mega búast við að fá, í hverju ríki fyrir sig, miðað við þá lánshæfiseinkunn sem þeir eru með. Á Íslandi sem og hjá öðrum löndum sem skoðuð voru gildir jafnframt að einstaklingar með góða lánshæfiseinkunn eiga rétt á betri kjörum af kreditkortum í formi ókeypiss kortafærslna ásamt því að geta fengið rýmri yfirdráttarheimildir á kreditkortum og lægri yfirdráttarvexti.

Einstaklingar á Íslandi eiga möguleika á því að fá betri kjör á tryggingum með því að vera aðilar að vildarþjónustum bankanna. Þeir geta þó einungis fengið betri kjör hjá

tilteknum tryggingarfélögum sem bankarnir eru í samstarfi við. Möguleikarnir eru mun opnari erlendis hvað varðar kjör hjá tryggingarfélögum, en þar eru einstaklingar ekki bundnir við ákveðin kjör hjá einstaka félögum heldur geta þeir leitað sér betri kjara á milli tryggingarfélaga.

6 Niðurstöður

Líkt og fram kom í upphafi þá er meginmarkmið ritgerðarinnar að útskýra fyrir lesandanum hvað lánshæfismat, lánayfirlit og lánshæfiseinkunn er, ásamt því að svara spurningunni:

Geta einstaklingar á Íslandi nýtt sér góða lánshæfiseinkunn sér til hagsbóta ? Ef svo er, eru þær sambærilegar við það sem gengur og gerist erlendis ?

Til að svara þeim atriðum sem lagt var fram með í upphafi var notast við ýmsar ritrýndar heimildir og rannsóknir sem fyrir lágu um viðfangsefnið ásamt því að tekið var viðtal við Bergdís U. Margrétardóttur og Ásu Ólfasdóttur hjá Creditinfo og sendar spurningar á Hildi Nielsen hjá Landsbankanum, Hildi Brynju Andrésdóttir hjá Íslandsbanka og Óskar Hafnfjörð Auðunsson hjá Arion banka.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós, að lánshæfiseinkunn getur haft áhrif á marga þætti í lífi einstaklinga og mun meiri áhrif heldur en flestir gera sér grein fyrir. Það getur þó verið mismunandi á milli landa og eftir lánveitendum í hverju landi fyrir sig hversu mikil áhrif einkunnin hefur. Víða erlendis er tekið tillit til lánshæfiseinkunnar einstaklings við allar ákvarðanir sem tengjast lánveitingum til hans. Auk þess að lánshæfiseinkunn einstaklings getur haft bein áhrif á möguleika hans til að eignast húsnæði, kaupa bíla, leigja íbúðir, fá tryggingar og það getur jafnvel verið tekið tillit til einkunnarinnar þegar einstaklingur sækir um atvinnu. Góð lánshæfiseinkunn hefur jafnframt áhrif á þau kjör sem einstaklingar erlendis geta fengið hjá lánveitendum (Lyons, Rachlis og Scherpf, 2007).

Einstaklingar á Íslandi þurfa sjálfir að leita eftir því að fá betri kjör á lánum og kreditkortum og verða sér úti um sömu upplýsingar og lánveitendur hafa. Til að verða sér út um sömu upplýsingar þá verða þeir að kaupa lánayfirlit og lánshæfiseinkunn af fyrirtækinu Creditinfo, sem sér um að taka saman lánshæfi einstaklinga á Íslandi. Í Bandaríkjunum og flestum vestrænum ríkjum Evrópu hafa einstaklingar aðgang að fríu lánayfirliti og lánshæfiseinkunn einu sinni á ári. Með því er neytendum erlendis gefið

tækifæri til að láta vita ef upplýsingar sem koma fram í lánayfirliti þeirra eru rangar eða misvísandi þannig unnt sé að laga þær og með því bæta lánshæfiseinkunn þeirra.

Einstaklingar í öðrum löndum sitja flestir við sama borð hvað varðar vexti af lánum byggða á lánshæfiseinkunn og eru meðvitaðir um að eftir því sem einkunn þeirra er hærrí því meiri rétt eiga þeir á lægri vöxtum og ýmsum öðrum fríðindum. Hér á landi bendir hins vegar allt til þess að lánshæfiseinkunn hafi lítil sem engin áhrif í ákvörðunartöku fjármálastofnana varðandi verðlagningu á fjármálaþjónustu og þau kjör sem einstaklingar á Íslandi geta fengið. Þessi niðurstaða kemur glöggt fram í þeim viðtölum sem fóru fram og í svörum við þeim spurningum sem sendar voru til sérfræðinga í lánviðskiptum hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum varðandi áhrif lánshæfiseinkunnar á þau kjör sem fjármálafyrirtæki bjóða.

Það kom á óvart hversu lítil áhrif lánshæfiseinkunn einstaklinga hefur á Íslandi miðað við erlendis. Meðal annars er enn sem komið er takmarkað notast við lánshæfiseinkunn við ákvarðanir varðandi þau kjör sem einstaklingar með góða einkunn geta fengið. Jafnframt er ekki tekið tillit til hennar hjá tryggingarfélögum, atvinnurekendum, leigusölum og ýmsum öðrum söluaðilum á markaðnum. Þetta verður að teljast undarlegt þegar tekið er tillit til þess að Gini stuðull lánshæfismats Creditinfo var 82,3 árið 2014 sem segir okkur að það séu 82,3% líkur á því að lánshæfismat einstaklings muni standast. Í Evrópu er til samanburðar meðal Gini stuðullinn einungis á milli 50-60 (Bergdís U. Margrétardóttir og Ása Ólafsdóttir munnleg heimild, 17. mars 2015). Lánshæfismatið sem notast er við á Íslandi er því talsvert nákvæmara og öruggara heldur en gengur og gerist erlendis og því ætti það að hvetja lánveitendur og aðra aðila hér á landi til að nýta sér frekar þá möguleika sem lánshæfismöt hafa upp á að bjóða fyrir markaðinn.

Ef lánshæfiseinkunn hefði jafn mikil áhrif á kjör einstaklinga á Íslandi eins og hún gerir í flestum öðrum löndum Evrópu og í Bandaríkjunum þá myndi það leiða til þess að hvati myndaðist fyrir einstaklinga til að standa skil á skuldbindingum sínum í þeirri von að halda lánshæfiseinkunninni sinni sem hæstri. Ástæðan fyrir því er, að ef kjör einstaklinga væru byggð á lánshæfiseinkunn þeirra þá myndu einstaklingar vita að góð einkunn samsvaraði betri vaxtakjörum af lánum, hærrí lánsupphæðum og ýmsum auknum fríðindum sem myndi leiða til sparnaðar fyrir þá til lengri tíma litið. Það myndi því verða

markaðnum og einstaklingum á Íslandi til góðs ef hafist væri handa á því að nýta alla þá möguleika sem lánsþæfiseinkunn hefur upp á að bjóða. Bæði hvað varðar notkun hennar í ákvörðunartöku á Íslenskum markaði sem og samræmingu einkunnarinnar við þau kjör sem einstaklingar á markaðnum eiga rétt á.

Til þess að geta slegið niðurstöðunum á föstu þyrfti samt sem áður aðgang að tölulegum gögnum um fjármálaþjónustu á Íslandi, sem ekki lágu fyrir í úrvinnslu þessarar ritgerðar. Slík rannsókn myndi ganga mun lengra en hægt er í þessari ritgerð vegna þeirra takmarkana sem settar eru á lengd hennar.

Heimildaskrá

- Allen, J. C. (1995), "A Promise of Approvals in Minutes, Not Hours," *American Banker* 23.
- Arya, S. , Eckel, C. og Wichman, C. (2013). Anatomy of the credit score. *Journal of Economic Behavior and Organization*, 95, 175-185. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0167268111001259#>
- Avery, R. B. , Bostic, R. W., Calem, P. S. og Canner, G. B. (2000). Credit Scoring: Statistical Issues and Evidence from Credit-Bureau Files. *Real Estate Economics*, 28 (3), 523-547. Sótt af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/1540-6229.00811/epdf>
- Avery, R. B. , Brevoort, K. P. og Canner, G. B. (2009). Credit Scoring and Its Effects on the Availability and Affordability of Credit. *The Journal of Consumer Affairs*, 43(3), 516-537. Sótt af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1745-6606.2009.01151.x/epdf>
- Avery, R. B., Calem, P. S. og Canner, G. B. (2004). Credit Report Accuracy and Access to Credit. *Federal Reserve Bulletin*, 297-322. Sótt af http://www.federalreserve.gov/pubs/bulletin/2004/summer04_credit.pdf
- Barclays. (e.d). Improving your credit rating Sótt af <http://www.barclays.co.uk/Helpsupport/Improvingyourcreditrating/P1242557964162>
- CIP Lánshæfismat Creditinfo (2012). Sýnidæmi. Sólánshæfitt af https://www.creditinfo.is/resources/samples/cip_demo.pdf
- Chandler, G. G. (2000). Generic and Customized Scoring Models: A Comparison. Í E. Mays (Ritstj.), *Handbook of Credit Scoring* (bls. 23- 56). The Glenlake Publishing Company, Ltd. Sótt af https://www.google.is/books?hl=en&lr=&id=FTWntrkW77EC&oi=fnd&pg=PR7&dq=credit+score&ots=7pbQaeYdPJ&sig=sRUbLh4OqwJx--txQbXM4Qy8JXg&redir_esc=y#v=onepage&q=information&f=false
- Consumer Financial Protection Bureau. (2011). The impact of differences between consumer and credit-purchased credit scores. Sótt af http://files.consumerfinance.gov/f/2011/07/Report_20110719_CreditScores.pdf
- Creditinfo (e.d). Lánshæfismat einstaklinga. Sótt af <https://www.creditinfo.is/gogn/lanshaefismat.aspx>

- Credit Reporting Agency (e.d.). Application Score. Sótt af <https://www.checkmyfile.com/jargon/application-score.htm>
- Denmark State Bank. (2011). The Importance of your Credit Score. Sótt af <https://denmarkstatebank.wordpress.com/2011/06/24/the-importance-of-your-credit-score/>
- Equifax (e.d). Get your credit check done with our FREE Credit Report & Score. Sótt af <http://www.equifax.co.uk/>
- Experian (e.d). Report Basics. Sótt af <http://www.experian.com/credit-education/services.html>
- Experian UK. (2014). Experian's UK Credit Bureau Scores. Sótt af <http://www.experian.co.uk/assets/decision-analytics/analytics/uk-credit-bureau-scores-overview.pdf>
- Fair Isaac Corporation (2011). Understanding your FICO Score. Sótt af http://www.myfico.com/Downloads/Files/myFICO_UYFS_Booklet.pdf
- FICO (e.d). FICO at a glance. Sótt af http://www.fico.com/en/about-us#at_glance
- Free Credit Scores for All, Discover Edition. (e.d). Sótt af <http://blog.unibulmerchantservices.com/free-credit-scores-for-all-discover-edition/>
- Halifax. (e.d). Credit Scoring: Here's how we work out whether we can give you credit. And what you can do if you're refused it. Sótt af <http://static.halifax.co.uk/assets/pdf/SecurityandPrivacy/pdf/credit-scoring.pdf>
- LaToya, I. (e.d) Benefits of Having a Good Credit. Sótt af <http://credit.about.com/od/creditscorebasics/tp/Benefits-Of-Having-A-Good-Credit-Score.htm>
- Lyons, A. C., Rachlis, M. og Scherpf, E. (2007). What's in a Score? Differences in Consumers' Credit Knowledge Using OLS and Quantile Regressions. *The Journal of Consumer Affairs*, 41 (2), 223-249. Sótt af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1745-6606.2007.00079.x/full>
- Lög um neytendalán: nr 33/2013
- Makuch, W. M. (2000). Scoring Applications. Í E. Mays (Ritstj.), *Handbook of Credit Scoring* (bls. 3-23). The Glenlake Publishing Company, Ltd. Sótt af https://www.google.is/books?hl=en&lr=&id=FTWntrkW77EC&oi=fnd&pg=PR7&dq=credit+score&ots=7pbQaeYdPJ&sig=sRUbLh4OqwJx--txQbXM4Qy8JXg&redir_esc=y#v=onepage&q=information&f=false
- Mester, L. J. (1997). What's the point of credit scoring ? Sótt af <https://www.phil.frb.org/research-and-data/publications/business-review/1997/september-october/brso97lm.pdf>

- Pincetich, M. T. og Tobin, K. M. (2000). Using Consumer Information. Í E. Mays (Ritstj.), *Handbook of Credit Scoring* (bls. 57-61). The Glenlake Publishing Company, Ltd. Sótt af https://www.google.is/books?hl=en&lr=&id=FTWntrkW77EC&oi=fnd&pg=PR7&dq=credit+score&ots=7pbQaeYdPJ&sig=sRUbLh4OqwJx--txQbXM4Qy8JXg&redir_esc=y#v=onepage&q=information&f=false
- Rothemund, M. og Gerhardt, M. (2011). The European Credit Information Landscape: An analysis of a survey of credit bureaus in Europe. *European Credit Research Institute*. Sótt af http://aei.pitt.edu/33375/1/ACCIS-Survey_FinalReport_withCover.pdf
- Smith, B. C. (2011). Stability in consumer credit scores: Level and direction of FICO score drift as precursor to mortgage default and prepayment. *Journal of Housing Economics*, 20, 285-298. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S1051137711000441>
- Thomas, L. C. , Edelman, D. B. og Crook, J. N. (2002). Credit Scoring and Its Applications. Sótt af https://www.google.is/books?hl=en&lr=&id=GMWcWuBDJZUC&oi=fnd&pg=PR2&dq=credit+scoring+definition&ots=FVP3lOL6ax&sig=sZ8PQAJ2W5lAxlWyLqgl7HoX9ZM&redir_esc=y#v=onepage&q&f=false
- TransUnion (e.d). Get your Credit Score & Report. Sótt af <http://www.transunion.com>
- Vildarþjónusta Íslandsbanka. (e.d). Sótt af <https://www.islandsbanki.is/einstaklingar/vildarthjonusta/vildarthjonustan/>
- Varðan Vildarþjónusta Landsbankans. (e.d). Sótt af <http://bankinn.landsbankinn.is/einstaklingar/vildarthjonusta/varдан/>
- Vildarþjónusta Arion Banka. (e.d). Sótt af <https://www.arionbanki.is/einstaklingar/thjonusta/vildarthjonusta/>

Viðauki

Spurningar sem sendar voru á sérfræðinga hjá lánasviðum stóru bankanna þriggja, Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankans.

- 1) Hafið þið útbúið ykkar eigið lánshæfismat til að meta lánshæfi einstaklinga eða notist þið við lánshæfismat Creditinfo ?
- 2) Hefur lánshæfismat einstaklinga mikil áhrif á ákvörðun ykkar um að veita einstaklingum lán og hversu há lánsupphæðin getur verið ? Ef ekki, hvaða þættir hafa mest áhrif ?
- 3) Ef einstaklingar eru með góða lánshæfiseinkunn geta þeir þá nýtt hana sér til hagsbóta, til dæmis í formi betri kjara á lánum eða greiðslukortum hjá ykkur?
- 4) Er einhver ákveðin lánshæfiseinkunn, sem þið miðið við að einstaklingur megi ekki fara undir til að hann geti átt í lánaviðskiptum við ykkur ?